

Brot úr ræðu til félags kvenna í læknastétt

Þar sem ég hef nýlega farið í gegnum útgáfuferli ævisögu Matthíasar Jochumssonar eru brot úr þeirri bók mér ofarlega í sinni. Útskriftarar hans úr prestaskólanum 1865 bar það til tíðinda á Jónsmessunni að fyrsti keisaraskurður var gerður á Íslandi. Yfirsetukonan kallaði á Jón Hjaltalín landlækni þegar hún sá hún gat ekkert gert fyrir Margréti Arnljótsdóttur, ógiftan kvenmann sem var dvergur að skapnaði. Hjaltalín lagði ekki í að rista hana á kvið hjálparlaust svo hann fékk Gísla Hjálmarsson lækni með sér og báða lækna af herskipinu Pandora, auk fjögurra læknisfræðistudenta. Þeir vissu að aðeins sjötta hver móðir lifði svona holskurð af. Notað var klóróform og barninu bjargað, en Margrét dó næstu nótt. Elín hans Matthíasar var smávaxin og þau á leið í hjónaband, svo að þessi tíðindi skekja hana örugglega eins og fleiri. Þótt prestshlutverk væri skelfilegt á tímum barnadauda, holdsveiki, sullaveiki og hungurs var þó frumstætt læknishlutverkið á þessum tímum einhvernvegin í mínum huga enn vöðalegra.

Meira um Matthías. Páll Baldvin sagði í ritdómi sínum að ég hefði mátt meta geðheilsu Matthíasar með nútímahugtökum geðlæknisfræðinnar. Ritsstjóri minn vildi þetta líka og auðvitað velti ég þessu fyrir mér. Ég sá í anda kynningu æsifregnar, Matthías haldinn geðhvarfasýki rétt eins og Jón Sigurðsson með sýfilis. Ástæðan fyrir því að ég gerði þetta ekki er sú að það var við extreme erfiðleika sem Matthías leið illa í sálinni, aðstæður sem hefðu gert mig sjálfa og flesta menn sjúka á sálinni. Ellefu ára barn ástríkra hjóna kvelst við að vera sent að heiman og eiga ekki afturkvæmt. Sá sem missir tvær ungar konur á tveimur árum úr umgangspæst – þá fyrri óléttu – og hefur áður ögrað trúkerfi sem taldi guð hafa fingurinn á útfærslu mannegra örlaga – honum líður auðvitað skelfilega í sálinni. Ekki batnaði það þegar hann gerði dóttur kirkjueigendans í Saurbæ óléttu og hvarf úr hempunni og af landi brott. Rétti sá upp hönd sem ekki yrði sálsjúkur af þessu – verandi prestur um 1870. Seinna lýsir hann sálrænni angst sinni eftir að landið sem hann hafði lofsungið sneri harðindahlíðinni svo harkalega að fólki að árum saman gróf hann hungurdautt fólk í haugum.

Matthías lýsir líðan sinni hreinskilnislega í minningum sínum og gaf því tilefni til að menn smjöttuðu á geðsveiflum hans. Enda las hann og þekkti ævisögu Rousseaus sem er dásamlega teprulaus. Geðheilsa Matthíasar varð góð og

stöðug þegar kvennamálin komust í lag og aftur þegar hungursneyðinni lauk. Maður sem skilar jafn stóru ævistarfi og Matthías við svo erfiðar aðstæður er ekki haldinn alvarlegri geðhvarfasýki? Geðhvarfasveiflur hans voru stórar en ég kundi ekki við að setja á hann stimpil maníunnar því bæði sjúkdómavæðingin og æsifréttastíll sölumennskunnar fara í taugarnar á mér. Sérfræðingum í læknastétt er aftur á móti frjálst að skoða ævisöguna og rannsaka dýpra þar sem vísað er til heimilda um efnið.

Jón Sigurðsson forseti fékk sýfilis og ævisaga hans nýleg var kynnt með þeirri frétt í æsifregnastíl. Það sem gerði fréttina heita var auðvitað það að hún kveikti í fornum glæðum kynlífsbælingarinnar. Ég hafði látið kynsjúkdóminn koma afar fínlega fram í leikinni heimildarmynd um Jón sem ég gerði handrit að og leikin var á fimmtíu ára lýðveldisafmælinu 1994 og mér þótti merkilegt að Jón sinnti pólitík ekki neitt fyrr en eftir sjúkdóminn – hann gat átt von á seinna stigi sjúkdómsins er leiddi marga til dauða og hafði því engu að tapa en allt að vinna. Fólk í þessu sálarástandi er oft afar skapandi.

Það hefur lengi legið í landi að eiginkonur mikilmenna voru ekki taldar nógu góðar fyrir þá. Sá tónn lítaði afstöðuna til Guðrúnar Runólfsdóttur konu Matthíasar Jochumssonar. Ást á okkar stærstu hetjum jaðrar við ofdýrkun sem gerir hvaða konu sem er smáa, hvað þá ef aldursmunurinn er „öfugur“ eins og í tilfelli Ingibjargar Einarsdóttur og Jóns Sigurðssonar. Ingibjörg hans Jóns var afar góð að hætta ekki við karlinn sem hún var trúlofuð þrátt fyrir sýfilisinn. Hún lenti í að vera enn lengur í festum því hann vildi vera öruggur um að sjúkdómurinn væri genginn yfir og hún var því vel yfir þrítugt er þau gengu í hjónaband. Við hana lóddi að hún væri gömul óbyrja þótt hann hefði fengið kvikasílfursmeðferð við sjúkdómi sínum og þess vegna líklega orðið ófrjór. Í Jónshúsi hékk enn uppi síðast þegar ég vissi mynd af Jóni ungum og Ingibjörgu gamalli hlið við hlið. Teprulaus afstaða sagnfræðinnar til kynsjúkdómsins hefði í þessu tilfelli komið í veg fyrir að hallaði svo mikið á veslingsfrúna.

Enn eigum við langt í land með að frelsast neðan þindar, eitt merki þess er hve léleg upplýsingin er varðandi þvagleka kvenna. Rödd lækna þyrfti að skila sér betur til almennings varðandi heilsu þeirra líkamshluta sem þótt hafa dónalegir.



Þórunn Valdimarsdóttir



Þórunn Valdimarsdóttir fæddist 1954 í Hafnarfirði. Hún tók cand.mag.-próf í sagnfræði frá HÍ 1983 og hefur síðan að mestu fengist við ritstörf, bæði sagnfræði, ævisögur og skáldsögur. Meðal bóka hennar eru: **Snorri á Húsafelli. Saga frá 18. öld** (1989), **Sól í Norðurmyri. Þisarsaga úr Austurbæ** (ásamt Megasi, 1990), **Leikfélag Reykjavíkur. Aldarsaga** (ásamt Eggerti Þór Bernharðssyni, 1997), **Stúlka með fingur** (1999), **Engin venjuleg kona. Lítrikt líf Sigrúnar Jónsdóttur kirkjustakonu** (2000), **Kristni á Íslandi. Til móts við nútímann**. IV. bindi, fyrri hluti (2000). - Nýjasta bók hennar, **Upp á Sigurhæðir - saga Matthíasar Jochumssonar**, var tilnefnd til Hinna íslensku bókmenntaverðlauna 2006.